

4
3. jan.

Reglugjörð

um skipstjórapróf á smáskipum.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 42, 3. nóvember 1915 um atvinnu við siglingar, eru settar eftirfarandi reglur um það, hversu haga skuli prófi þeirra manna, sem æskja að verða skipstjórar á skipum, sem eru milli 12 og 30 lesta að stærð.

1. gr.

Hver sá, sem ekki hefir leyst af hendi fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, en æskir að verða skipstjóri á íslensku skipi í innanlandssiglingum, frá 12—30 lestin að stærð, skal senda lög-reglustjóra skriflega beiðni um það, að mega ganga undir slíkt skipstjórapróf og láta beiðninni fylgja þessi vottorð:

1. Kunnáttuvottorð, þess efnis, að sá, sem umsækjandi hefir notið tilsagnar hjá, áltíti hann hafa þá þekkingu í siglingafræði, að hann geti gengið undir prófið.
2. Sjóferðavottorð um það, að hann hafi stundað siglingaatvinnu minnst 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 lesta að stærð, eða verið formaður á vjelbát í 24 mánuði, ekki minni en 6 lesta.
3. Sjónarvottorð um það, að sjón hlutaðeigandi sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn, en sú sjón má eigi vera minni en $\frac{1}{9}$ á öðru auga og á hinu auganu minnst $\frac{1}{24}$, án glerja; svo verður umsækjandi og að geta greint grænt ljós frá rauðu í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3 mm. ljósopi.

2. gr.

Nú er námsskeið haldið, sem kostað er af landssjóði eða almannafje, í þeim tilgangi, að gefa mönnum kost á að ganga undir próf þetta, og þarf þá eigi að afhenda lögreglustjóra vottorð þau, sem um getur í 1. gr., en þá skulu þeir, sem óska að njóta kenslunnar, afhenda formanni námsskeiðsins sjóferðavottorð og sjónarvottorð áður en námsskeiðið byrjar.

Áltíti formaður námsskeiðsins vottorðin eigi fullnægjandi, skal hann leita úrskurðar lögreglustjóra um þau; úrskurði hann vottorðin eigi fullnægjandi, getur umsækjandi eigi sótt námsskeiðið nema með sjerstöku leyfi formanns námsskeiðsins, og þá að eins, ef húsrúm er nægjanlegt.

Sjóferðavottorð og sjónarvottorð allra annara, er sækja námsskeiðið, skal leggja fram fyrir prófnefndina, og skal hún gæta þess, að undir prófið gangi þeir einir, er rjett hafa til þess.

3. gr.

4

3. jan.

1 prófnefnd skipar lögreglustjóri þrjá valinkunna skipstjóra, og tilnefnir hann stað og stund, hvenær prófið á að fara fram; fyrir prófinu skal standa sá af nefndarmönnum, sem lögreglustjóri skipar oddvita hennar.

Heimilt er að skipa kennara prófsveinsins í prófnefndina, en eigi þann skipstjóra, sem að eins hefir rjettindi til að vera skipstjóri á skipum alt að 30 lesta stærð.

4. gr.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt. Á undan prófinu tiltekur prófnefndin verkefnin skriflega; skal að eins eitt verkefni vera á seðli og skulu seðlar í hverri prófgrein vera tveimur fleiri en prófsveinar eru.

Í þeim verkefnum, sem úrlausnin aðallega er skrifleg, skal prófsveinninn jafnframt skýra munnlega frá, hvernig beri að leysa verkefnið. Hver prófsveinn dregur sín verkefni.

Ef prófsveinar eru fleiri en einn, þá skulu þeir draga um í hvaða tölu-röð þeir koma upp.

5 gr.

Fyrir svör á hverri spurningu skal prófnefndin gefa einhverja af einkunn-um þeim, er hjer skulu taldar, og jafngilda þær tölum þeim, er hjá þeim standa:

ágætlega	= 7	laklega	= 1
ágætlega ÷	= 6	laklega ÷	= 0
dável	= 5	illa	= ÷ 1
dável ÷	= 4	illa ÷	= ÷ 3
vel	= 3	afarilla	= ÷ 5
vel ÷	= 2		

Verði prófnefndin eigi ásátt um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammi-stöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, er að tölugildi er næst meðaltal-inu af tölugildum einkunna þeirra, er prófnefndarmenn gáfu hver um sig; sje meðaltal þetta ÷ 2, verður einkunnin ÷ 1.

6. gr.

Til prófsins útheimtist:

Í siglingafræði:

- a. *Að kunna að marka stað skipsins á sjávaruppdraetti og hafa nægilega þekkingu á sjávaruppdraöttum og notkun þeirra yfir höfuð.*

Þekking á að marka stað skipsins á uppdrátt með tveimur merkjum, tveimur miðunum og merki og miðun, sem fundið er samstundis, að geta fundið stað skipsins á uppdrættinum með merki og miðun, og með tveimur miðunum, sem ekki eru fundnar samstundis, þegar stefna og vegalengd milli þeirra er kunn (udlöben Distance); að marka stað skipsins á uppdrátt, þegar markaður er á

4 uppdrættinum staður, sem það hefir farið frá, og kunn er stefnan, sem þaðan
3. jan. hefir verið haldin sem og tíminn, er skipið hefir verið á leiðinni, að leiðrjetta stefnu þá, sem stýrð er fyrir deviation, misvísun, afdrift og straum, sje hann kunnur, og að finna hve langt um líði þangað til komist verði til tiltekings staðar, að geta fundið stefnu og vegalengd milli tveggja staða og leiðrjetta þá stefnu fyrir straum, sje hann kunnur, afdrift, misvísun og deviation; þekking á aðalreglum fyrir stækkandi sjávaruppdráttum, mælikvörðum þeirra og línun, og á því hvað standa eigi á uppdráttunum.

Þekking á handsökkku og djúpsökkku og hvernig þær eru notaðar í sambandi við sjávaruppdrætti.

Þekking á að geta fundið hvenær flód verður og fjara samkvæmt íslenskum meðaltíma og flóðtímatöflu Reykjavíkur.

b. *Að kunna að nota áttavita og bera skyn á deviation og misvísun.*

Þekking á hinum ýmsu pörtum áttavitans og mismunandi tegundum þeirra; grein á segulafli, segulnál, misvísun, deviation og hvað henni veldur; að finna rjetta stefnu og miðun með því að hafa hliðsjón af deviation og misvísun, að ákveða misvísun af stefnum eða miðunum, þegar stefnurnar eða miðanirnar eru tilgreindar bæði misvisandi og rjettvisandi, að ákveða deviation af stefnum eða miðunum, þegar stefnurnar eða miðanirnar eru tilgreindar bæði devierandi og misvisandi.

c. *Að kunna að nota skipshraðamæli.*

Þekking á hinum ýmsu pörtum skipshraðamælisins og hvernig hann er búinn til og notaður. Þekking á vegalengdarmælinum (Patentlog) og notkun hans.

d. *Þekking á björgunartækjunum og alþjóðlegum reglum til að forðast ásiglingu.*

Þekking á hvernig beri að haga sjer við björgun úr sjávarháaska með notkun »raketta«-björgunaráhaldsins og annara björgunartækja; að bera ljóst skyn á siglingarreglurnar, sjerstaklega á það, hvaða ljósker skipinu beri eftir atvikum að hafa uppi og hvenær og undir hvaða kringumstæðum beri að víkja fyrir öðru skipi. Þekking á hinum alþjóðlegu neyðarbendingum á degi og nóttu og notkun þeirra.

7. gr.

Við prófið skulu gefnar 5 einkunnir, sem sje:

Í siglingafræði:

4 einkunnir fyrir 4 munnlegar og skriflegar úrlausnir.

Í alþjóðlegum ákvæðum:

1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.

8. gr.

Sá einn stenst prófið, sem nær þeirri aðaleinkunn, er nemur þrefaldri tölu einkunna þeirra, sem gefnar eru.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 35 stig, en til að standast prófið þarf 15 stig.

Nú stenst prófsveinn eigi prófið, og má hann þá eigi ganga aftur undir

próf þetta fyr en eftir 14 daga. Skal þá leggja fram nýtt kensluvottorð og taka fram í því, að kenslan hafi farið fram eftir að prófsveinninn fjell.

4
3. jan.

9. gr.

Hver prófsveinn, er staðist hefir prófið, fær vottorð um það að afloknu prófi, og skal það sniðið eftir þessari fyrirmynd:

N. N. (fult nafn)

fæddur (fæðingar-staður -dagur og -ár)

hefir staðist

hið íslenska skipstjórpróf á smáskipum,

en til þess útheimtist:

- Að kunna að marka stað skipsins á sjávaruppdrátt og hafi nægilega þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð.
- Að kunna að nota áttavita og bera skyn á afhvarf (deviation) og misvisun.
- Að kunna að nota skipshraðamæli.
- Þekking á björgunartækjum og alþjóðlegum reglum til að forðast ásigling.
- Eins fullkomin sjón og nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.
- Að hafa stundað siglingaatvinnu minst 24 mánuði á skipum, ekki minni en 12 lesta að stærð, eða verið formaður á vélbát í 24 mánuði, ekki minni en 6 lesta

og hlotið aðaleinkunina

(Nafn prófstaðarins) hinn

N. N. N. N. N. N.

(Undirskrift prófnefndarinnar).

Hæsta aðaleinkun er 35 stig.

Til þess að standast prófið þarf 15 stig.

10. gr.

Nöfn þeirra, er undir próf ganga, skal rita í bók, sem stjórnarráðið lög-gildir og lögreglustjóri geymir, skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingar-stað -degi og -ári, svo og frá einkunnum þeim og aðaleinkun, sem gefið var við prófið, og skal hvert próf undirritað af öllum prófnefndarmönnum.

11. gr.

Öll útgjöld við prófið greiðast úr landssjóði.

12. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um skipstjórpróf á smáskipum frá 31. marz 1906.

Í stjórnarráði Íslands 3. janúar 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.